



Dómsmálaráðuneyti
b.t. Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur dómsmálaráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
dmr@dmr.is

Bls. | 1

Reykjavík, 2. febrúar 2026

Efni: Beiðni um fund um tilkynningaskyldu bifreiðaumboða, bifreiðasala og lánamiðlara samkvæmt ákvæðum laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Með erindi þessu fara Bílgreinasambandið, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*) fram á að eiga fund með dómsmálaráðherra í því skyni að ræða þungar stjórnsýslubrýðar sem lagðar voru á herðar bifreiðaumboða, bifreiðasala og lánamiðlara með ákvæðum laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Erindinu fylgir greinargerð, sem unnin var af lögfræðisviði SVP, þar sem fengist er við að svara spurningum sem hafa vaknað á vettvangi samtakanna undanfarin ár. Spurningarnar og svörin tala sínu máli.

Rétt er að gera í nokkrum orðum grein fyrir forsendum beiðinnar.

Frá því að tilkynningaskylda var felld á bifreiðaumboð og bifreiðasala hafa aðilar sem starfa á þeim vettvangi lagt í töluverða fjárfestingu í ráðgjöf, kerfum og þjálfun starfsmanna til að takast á við þær skyldur sem á þá hafa verið felldar. Sú innleiðing sem takast þurfti á við tók töluverðan tíma og kallaði á utanaðkomandi ráðgjöf sérfræðinga. Fjárfestingin er veruleg auk þess sem mikill kostnaður fylgir áframhaldandi rekstri kerfanna og þjálfun starfsmanna.

Þrátt fyrir ríka viðleitni og vilja til samstarfs við eftirlitsaðila hefur svo hins vegar farið að við eftirlit Skattsins með bifreiðaumboðum og bifreiðasölum sem tilkynningaskyldum aðilum hafa ávallt verið gerðar athugasemdir við ferla, kerfi, þjálfun starfsmanna og framkvæmd í eftirlitsheimsóknum. Í kjölfarið sæta þessir aðilar sektum, fyrst um sinn er þeim birt tilkynning um að til standi að leggja á þá nokkurra milljóna króna og jafnvel tuga milljóna króna stjórnvaldssekt en samhliða er þeim boðin 40–50% lækkun þeirrar áformuðu sektarfjárhæðar gangist þeir við því að hafa brotið af sér og undirgangist sátt þess efnis. Í stuttu máli hafa öll bifreiðaumboð og bifreiðasalar sem samtökunum er kunnugt um gert sátt í þessa veru, annars vegar í ljósi hættu á orðsporshnekki og hins vegar til að ljúka málinu hratt og spara þannig fjármuni sem annars rynnu í háar sektargreiðslur og lögfræðikostnað. Þar sem svo hefur farið liggur ekki fyrir nein skrifleg umfjöllun af hálfu eftirlitsaðila sem birt er á almennum vettvangi þar sem unnt er að ráða hvers vegna og hvernig fyrirtækin eru talin hafa gerst brotleg við lög. Fyrir vikið geta hvorki eftirlitsstofnunin né hinir tilkynningaskyldu aðilar litið til leiðbeininga í framkvæmd úrskurðaraðila varðandi það hvort og hvernig framkvæmdin samræmist lögum í raun og veru. Dæmi eru um að slíkt ferli hafi eftirlitsstofnunin svo endurtekið síðar og það endað með nýrri sátt við tilkynningaskyldan aðila og nýrri stjórnvaldssekt.



Þessi staða hefur ítrekað verið rædd á vettvangi samtakanna og virðist stjórnendum fyrirtækjanna að það sé sama hve miklum fjármunum og vinnu þeir eyða í ferla, kerfi og menntun og þjálfun starfsfólks, þeim muni aldrei takast að uppfylla þær kröfur sem Skatturinn gerir, m.a. hvað varðar sönnun þess að gripið hafi verið til þess sem stofnunin telur réttar eða rétt framkvæmdar aðgerðir. Því vaknaði sú spurning hvort það sé raunverulega við hæfi að löggjöf sem ætlað er að vernda fjármálakerfið, hvers stofnanir halda nú þegar úti miklu innra eftirliti í samræmi við ákvæði laga um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, taki jafnframt til bifreiðaumboða og bifreiðasala. Áleitnar spurningar hafa til að mynda vaknað þegar bifreiðaumboðum og bifreiðasölum hefur gert að framkvæma aðgerðir sem þegar hafa verið unnar af t.d. fjármálastofnunum eða afla upplýsinga og skjala gögn þó þau liggja þegar fyrir í kerfum Skattsins. Þá hefur ítrekað komið fram að erlend bifreiðaumboð og bifreiðasalar kannist ekki við að sæta slíkum kröfum.

Blis. | 2

Nýverið bærust samtökunum fréttir sem gefa til kynna að eftirlitssvið Seðlabanka Íslands hafi óskað upplýsinga frá skráðum lánamiðlurum um hvort og hvernig þeir uppfylla skyldur samkvæmt ákvæðum laga nr. 140/2018 í ljósi tilkynningaskyldu sem á þeim hvíli. Skilgreining á hugtakinu lánamiðlari, sem vísar til ákvæða laga um neytendalán, er svo víðtæk að hún nær m.a. til bifreiðaumboða, bifreiðasala, vélasala, raftækjaverslana og margra annarra söluaðila sem hafa tölvutengingu við kerfi fyrirtækja sem annast fjármögnunarleigu, aðstoða kaupendur við gerð lánaumsókna en samþykkja þó ekki lánveitingar og sýsla ekki að neinu leyti með fjármuni sem kunna að ganga milli lánveitenda og kaupenda. Þrátt fyrir að fjármögnunarfyrirtækin sjálf teljist lánveitendur í þessu samhengi, og séu sem slíkir með sjálfstæðum hætti tilkynningaskyldir aðilar, virðist staðan vera sú að lánamiðlurum sé ætlað að endurtaka sömu aðgerðir og lánveitendurnir sjálfir eru skyldugir að framkvæma. Samtökunum þykir sýnt að alltof langt hafi verið gengið með því að fella tilkynningaskyldu á herðar framangreindra aðila. Henni fylgir mikill kostnaður sem ratar út í verðlag auk þess sem henni fylgir mikið umstang, bæði fyrir fyrirtækin og viðskiptavinum þeirra.

Í meðfylgjandi greinargerð er m.a. rakið hvers vegna bifreiðaumboð, bifreiðasalar og lánamiðlarar voru skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar í ákvæðum laga nr. 140/2018. Það er óhætt að segja að aðildarfyrirtækjum samtakanna hafi verið nokkuð brugðið þegar í ljós kom að ástæða þess að bifreiðaumboð og bifreiðasalar voru settir í slíka stöðu byggði á því mati Skattsins að fyrirtækin ættu erfitt með að átta sig á að á þeim hvíldi tilkynningaskylda þegar tekið væri á móti við greiðslum í reiðufé að jafngildi 10 þús. evrum. Viðamiklar stjórnsýslukvaðir voru því felldar á þessa aðila í stað þess að beina aukinni fræðslu að þeim. Í því samhengi er ágætt að hafa í huga að sum verslunarfyrirtæki hafa brugðist við tilkynningaskyldu vegna reiðufjármóttöku með því að setja eigin reglur sem í raun banna móttöku reiðufjár yfir ákveðnum mörkum, t.d. 50 þús. kr., og sett verklag þar sem tilkynnt er um kerfisbundnar reiðufjárgreiðslur. Við þetta hefur Skatturinn ekki gert athugasemdir svo samtökunum sé kunnugt um.

Þá orkar það verulega tvímælis að lánamiðlarar hafi verið felldir undir tilkynningaskyldu í viðleitni löggjafans til að taka á smálánafyrirtækjum. Í þessu samhengi má nefna að eftiráskýringar stjórnvalda hafa gefið til kynna að tilkynningaskyldan hafi verið felld á bifreiðaumboð, bifreiðasala og lánamiðlara í ljósi niðurstöðu áhættumats Ríkislögreglustjóra. Í greinargerðinni kemur hins vegar skýrt fram að þetta var gert áður en fyrirliggjandi áhættumöt



Ríkislögreglustjóra voru unnin. Í þokkabót er sá ágalli á áhættumötunum m.t.t. bifreiðaumboða og bifreiðasala að þar er í engu gerð grein fyrir viðamiklu regluverki og framkvæmd skráningar ökutækja og viðskipta með þau samkvæmt ákvæðum umferðarlaga og stjórnvaldsfyrirmæla sem eru sett á grundvelli þeirra. Um þætti sem hefðu átt að koma til verulegrar lækkunar áhættu var einfaldlega ekki fjallað. Rétt er að taka fram að ekki verður sé að með nokkrum hætti hafi verið fjallað um áhættu m.t.t. lánamiðlara, hvorki í áhættumati Ríkislögreglustjóra frá 2021 né 2023, heldur þvert á móti látið við það sitja að fjalla um áhættu við veitingu útlána þar sem áhættan er metin miðlungsáhætta eða neðan þess þröskuldar sem hefur þótt réttlæta tilkynningaskyldu.

Blis. | 3

Rétt er að taka fram að lögfesting tilkynningaskyldu bifreiðaumboða, bifreiðasala og lánamiðlara átti sér stað í tíð síðustu tveggja ríkisstjórna. Ekki verður séð að þess hafi verið gætt nægjanlega við lögfestinguna að til grundvallar lægi fullnægjandi áhættumat Ríkislögreglustjóra sem þó er gert að skilyrði þess að lengra sé gengið en kveðið er á um í ákvæðum tilskipunar (ESB) 2015/849 sem var innleidd hér á landi með lögum nr. 140/2018. Það væri gustukaverk sem horfir til skilvirkni, einföldunar og afnáms innlendrar blýhúðunar að afnema tilkynningaskylduna nú þegar eða hið minnsta að ráðast í að samræma efnislegt inntak hennar efni ákvæða reglugerðar (ESB) 2024/1624 sem er til skoðunar hjá EFTA-ríkjunum á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Með þeim hætti mætti draga verulega úr angist fyrirtækja og spara bæði þeim og almenningi útgjöld og umstang. Að endingu er rétt að nefna að fulltrúar samtakanna hyggjast á fundi með ráðherra ræða fleiri leiðir sem fara mætti í því skyni að létta stjórnslukvöðum af herðum bifreiðaumboða, bifreiðasala og lánamiðlara en mundu þó draga úr áhættu á því að íslenskt fjármálakerfi verði nýtt til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.



BÍLGREINASAMBANDIÐ



FÉLAG ATVINNUREKENDA



samtök
atvinnulífsins



SVP | Samtök
verslunar og
þjónustu

Virðingarfyllt,

f.h. Bílgreinasambandsins, Félags atvinnurekenda, Samtaka atvinnulífsins og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Bls. | 4

Benedikt S. Benediktsson

framkvæmdastjóri

Ólafur Stephensen

framkvæmdastjóri

Ísak Einar Rúnarsson
forstöðumaður

Fylgiskjal: Greinargerð um skilgreiningu bifreiðaumboða, bifreiðasala og vélasala meðal tilkynningaskyldra aðila í skilningi ákvæða laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.